



**FLUGMÁLASTJÓRN**

**LOFTFERÐAEFTIRLIT**

REYKJAVÍKURFLUGVELLI

PÓSTHÓLF 350, REYKJAVÍK

# SKÝRSLA UM FLUGSLYS

Sbr. lög um loftferðir, gr. 145

FLUGFÉLAGIÐ ERNIR H/F  
TF-ORM, Piper PA-23-250  
Ljósufjöllum á Snæfellsnesi  
05. apríl 1986

Slys þetta var rannsakað í þeim tilgangi einum, að hindra endurtekningu og til  
að stuðla að flugöryggi (sbr. lög um loftferðir, 145. gr.)

**EFNISYFIRLIT**

	<u>bls.</u>
<b>YFIRLIT.....</b>	1
<b>1. RANNSÓKNARATRIÐI.....</b>	2
1.1. Um flugið.....	2
1.2. Slys á mönnum.....	3
1.3. Skemmdir á loftfarinu.....	3
1.4. Aðrar skemmdir.....	3
1.5. Upplýsingar um hlutaðeigandi.....	4
1.5.1. Flugstjórinn.....	4
1.6. Upplýsingar um loftfarið.....	4
1.6.1. Um loftfarið sjálft.....	4
1.6.2. Hleðsla, jafnvægi.....	5
1.6.3. Afkastageta PA-23-250.....	5
1.6.4. Búnaður.....	5
1.6.5. Viðhald TF-ORM.....	5
1.7. Upplýsingar um veður.....	5
1.8. Leiðsögutæki.....	6
1.9. Fjarskipti.....	7
1.10. Flugvöllurinn.....	7
1.11. Flugritar.....	7
1.12. Flakið og vegsummerki.....	7
1.12.1. Vettvangur.....	7
1.12.2. Fjarskipta - og leiðsögutæki.....	8
1.12.3. Loftskrúfur og stjórntæki hreyfla.....	8
1.13. Læknisfræðileg rannsókn.....	8
1.14. Eldur.....	8
1.15. Möguleikar á að komast af.....	9
1.16. Rannsóknir og prófanir.....	9
1.16.1. Vinstri hreyfill.....	9
1.16.2. Hægri hreyfill.....	10
1.17. Aðrar upplýsingar.....	10
1.17.1. Blindflughæðir á flugleið TF-ORM.....	10
1.17.2. Um vind í lofti og takmarkandi ákvæði.....	10
1.18. Nýjar rannsóknaraðferðir.....	11
<b>2. ÁLYKTANIR.....</b>	12
<b>3. NIÐURSTÖÐUR.....</b>	16
<b>4. TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT.....</b>	17
<b>5. VIÐBÆTIR</b>	

FLUGMÁLASTJÓRN  
LOFTFERÐAEFTIRLIT  
Rannsóknadeild

S K Ý R S L A   U M   F L U G S L Y S

MÁL/034/AIG/03/86

Loftfar: TF-ORM, Piper PA-23-250 Aztec.

Skráður eigandi: Flugfélagið ERNIR h/f, Ísafjarðarflugvelli.

Rekandi: Skráður eigandi.

Áhöfn: Einn - láttinn.

Farþegar: Sex - tveir slasaðir,  
- fjórir látnir.

Slysstaður: Í Ljósufjöllum á Snæfellsnesi,  
- sem næst  $64^{\circ}55'43''$  N og  $022^{\circ}35'11''$  V.

Dagur og stund: Laugardagur 5. apríl 1986, um kl. 13:26.

Tilkynnt: Loftferðaeftirlitinu var tilkynnt um að TF-ORM væri saknað um kl. 13:50 og hófst rannsókn slyssins þá þegar.

Ath. Allar tímasetningar miðast við klukku á segulböndum flugstjórnarmiðstöðvarinnar á Reykjavíkurflugvelli.

**YFIRLIT:**

Flugvélin TF-ORM, frá Flugféluginu Ernir hf. var í leiguflugi frá Ísafirði til Reykjavíkur, laugardaginn 5. apríl 1986. Flogið var blindflug, fyrst í FL-080 og síðan í FL-060. Vindur var allhvass af suðri og alskýjað.

Þegar flugvélin var yfir Stykkishólmi, óskaði flugmaðurinn eftir frekari lækkun í 5000 feta hæð og var heimiluð hún. Skömmu seinna hvarf flugvélin af radarskjá Flugstjórnarmiðstöðvarinnar.

Flak flugvélarinnar fannst í norðurhlíðum Ljósufjalla á Snæfellsnesi, um kl. 23:57 sama dag. Af 7 manns sem um borð voru, léztust 5 en 2 komust af stórsłasaðir.

Niðurstaða skýrslu þessarar er sú, að líklegt er talið að flugvélin hafi flogið inn í svo öfugt niðurstreymi, að afkastageta hennar nægði ekki til þess að unnt væri að ná henni út úr því, áður en hún rakst á fjallshlíðina.

Í skýrslunni eru gerðar nokkrar tillögur í öryggisátt.

## **1. RANNSÓKNARATRIÐI:**

### **1.1. Um flugið:**

Laugardaginn 5. apríl 1986, kl. 13:15 var áfórmáð áætlunarflug Flugleiða hf., frá Reykjavík til Ísafjarðar fellt niður, vegna þess að vindur á Ísafjarðarflugvelli var ofan marka, sem Flugleiðir hafa sett þar fyrir F-27 flugvélar sínar. Vindamörk Ernis hf. eru svipuð mörkum Flugleiða hf. í þeirri átt sem þarna var. Sjá gr. 1.7. og gr. 1.17.2.

Þegar ljóst var, að ekki yrði af áætlunarfluginu, leituðu nokkrir farþeganna, sem höfðu átt bókað far með Flugleiðum hf., til Ernis hf. um flug til Reykjavíkur. Þar voru þegar nokkrir menn á biðlista fyrir flug, ef flogið yrði til Reykjavíkur á vegum Ernis hf.

Ákveðið var að einn af flugmönnum félagsins, sem átti vakt þennan dag færi þetta flug, ef fært yrði vegna veðurskilyrða. Hann undirbjó flugið á TF-ORM, einni flugvél Ernis hf. Innri eldsneytisgeymar voru sem næst fullir, eða 36 USG. í hvorum um sig, en það var bensin til um 3 klst. flugs. Ytri geymarnir voru næstum tómir að sögn starfsmanna Ernis hf.

Hann skoðaði veðurupplýsingar, sem var að finna í tölvukerfi Flugleiða hf., en skjár tengdur því er í flugstöðinni á Ísafjarðarflugvelli.

Svohljóðandi flugáætlun var síðan send Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík:

"Blindflug TR-ORN, Ísafjörður - Reykjavík, um Stykkishólm, frá radiótitanum "ÍS", yfir radiótítann "ST" og þaðan "Amber-1" að radiótitanum "RK". Fluglag 080, brottför 12:00, flugtími 0:57 klst. og flugþol 3 klst".

Radiótítinn "ST" er við Stykkishólmsflugvöll og "RK" er á Suðurnesi við Reykjavík.

Brottför dróst m.a. vegna óhagstæðs winds á Ísafjarðarflugvelli, en loks var ákveðið, að fara um hádegisbilið. Vindur var þá  $180^{\circ}$ - $220^{\circ}$ , 10 hnútar og gustaði í 20 hnúta. Þetta var innan marka Ernis hf. Flugtak á Ísafirði var kl. 12:30 og komutími til Reykjavíkur var áætlaður kl. 13:27.

Kl. 12:41 kallaði hann Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík og sagði flugtak hafa verið kl. 12:30, hann væri í FL-080 og áætlaði "ST" kl. 13:02.

Flugmaðurinn var í talsambandi við Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík á leiðinni og virtist allt vera með eðli-legum hætti.

Um kl. 12:50 kom flugvélinn inn á skjá aðflugsradars Reykjavíkurflugvallar og var þá yfir sunnanverðu Glámu-hálendinu, (Sjá Viðb. 5.1.). Kl. 12:52:15, þegar flugvélin var stödd skammt norður af norðurströnd Breiðafjarðar, var flugmanninum samkvæmt eigin ósk, veitt heimild til þess að lækka flugið úr FL-080 í FL-060.

I upphafi flugs áætlaði flugmaðurinn, að vera við "ST" kl. 13:02 og yfir "RK" kl. 13:27. Þegar flugumferðarstjórinн sá, hvað flugvélinni miðaði hægt, breytti hann áætluðum tíma yfir "ST" í 13:13 og yfir "RK" í 13:43. Þeim tíma breytti Aðflugsstjórn síðan í 14:00, eftir að flugvélin kom yfir Stykkishólm.

Réttur flughraði (TAS), sem gefinn var í flugáætluninni til flugumferðarstjórnar, var 160 hnútar. Samkvæmt upptöku myndbands aðflugsradarsins, var hraði TF-ORM yfir jörðu, á fluginu þvert yfir Breiðafjörðinn, um 80 hnútar.

Flugvélin hélt næst FL-060 að "ST", en kl. 13:20, þegar flugvélin var yfir "ST", kallaði flugmaðurinn Flugstjórnarmiðstöðina og óskaði eftir því að mega lækka flugið í lágmarkshæð, sem er 5000 fet barna yfir Snæfellsnesið.

Flugumferðarstjórn heimilaði TF-ORM þá að lækka flugið í 5000 fet, á QNH 1018 Mb., sem var loftþrýstingurinn í Reykjavík og flugmaðurinn las heimildina til baka. Eftir það voru engin fjarskipti við flugvélina.

Myndbandið sýnir, að eftir að flugvélin fór yfir "ST" kl. 13:20:05, fór hún að lækka flugið og sveigja til vinstri eða til austurs. Lækkunin var að meðaltali um 550 fet/mín., þar til flugvélin hvarf af radarskjánnum kl. 13:24:40. Þá var hún að lækka hægt flugið og komin í 4500 feta hæð norðan Ljósufjalla, um 6,5 sjóm. suður fyrir "ST" og 1,5 sjóm. austur fyrir ferilinn að "RK".

Farþegi, sem lifði af slysið, segir að flogið hafi verið í skýjum og talsverður ís hafi hlaðist á framrúðuna og hann varð var við að flugvélin fór að lækka flugið.

Samkvæmt frásögn hans, var lækkunin fremur róleg og rétt eftir að hún byrjaði, fór ísingin af brotna af framrúðunni. Allt í einu "fél flugvélin niður" og tók gífurlega dýfu sem stóð talsverða stund. Hann segir fólkioð hafa "hangið í öryggisbeltunum" og skelfingu gripið um sig.

Síðan þrýstist fólkioð niður í sætin og það var eins og flugvélin væri að ná sér út úr dýfunni. Þá sá farþeginn kletta við hliðina á flugvélinni og augnabliki síðar skall hún í jörðina og hann missti meðvitund.

Kl. 13:28 kallaði flugstjórnarmiðstöðin í TF-ORM, en ekkert svar fékkst, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

Fljótlega varð ljóst, að ekki var allt með felldu, eftirgreßnslan hófst og síðan allsherjar leit.

Flak flugvélarinnar fannst um kl. 23:57 um kvöldið, í norðurhlíðum Ljósufjalla, í um 2400 feta hæð yfir sjávarmáli og um 2 sjóm. frá þeim stað er radarmerkið hvarf.

#### 1.2. Slys á mönnum:

Meiðsli	Ahöfn	Farþegar	Aðrir
Banvæn	1	4	-
Ekki banvæn	-	2	-
Lítill/Engin	-	-	-

#### 1.3. Skemmdir á loftfarinu:

Loftfarið gereyðilagðist.

#### 1.4. Aðrar skemmdir:

Engar.

1.5. Upplýsingar um hlutaðeigandi:

1.5.1. Flugstjóriinn: Karlmaður 34 ára, [REDACTED] skírteinisnúmer hans hjá flugmálastjórn var [REDACTED]

Hann hlaut flugnemaskirteini [REDACTED] mars 1969, einkaflugmannsskírteinini [REDACTED] jan. 1970, skírteini atvinnuflugmanns III-fl. [REDACTED] 1973 og blindflugréttindi [REDACTED] júlí 1977. Loks hlaut hann skírteini atvinnuflugmanns-II.fl./flugvél [REDACTED] okt. 1981.

Hann öðlaðist réttindi flugkennara [REDACTED] maí 1978 og starfaði í nokkur ár sem flugkennari, en í maí 1981 réðist hann sem flugmaður til Leiguflugs Sverris Þóroddssonar.

Í marz 1984 var hann ráðinn til Flugfélagsins Ernis hf. á Ísafirði og starfaði þar til dauðadags.

Flugskírteinið var í gildi til 30. nóv. 1989. Síðasta I.-fl. heilbrigðisskoðun stóðst hann [REDACTED] nóv. 1985 og síðasta hæfnipróf stóðst hann í gerviflugpjálfa Flugleiða hf., hinn [REDACTED] nóv. 1985. Þar á undan stóðst hann hæfnipróf í PA-23, með þjálfunarflugmanni Ernis hf., hinn [REDACTED] nóv. 1984.

Þegar slysið skeði, var flugtími hans, samkvæmt flugdagbók og gögnum Ernis hf., nálægt því að vera svo sem hér greinir:

Heildarflugtími: 3234:42 klst., þar af á PA-23 liklega hátt í 700 klst., en hann hlaut réttindi til þess að stjórna þeirri tegund flugvélalíðarins apríl 1971.

Flugtími sl. 90 dagana fyrir slysið, varð samtals 85:48 klst., þar af voru 23:42 klst á PA-23, allt á TF-ORM.

Flugmaðurinn var í leyfi frá 27. febr. til 1. apríl og eftir það flaug hann samtals 16:24 klst., þar af 7:12 klst á TF-ORM.

Lendingar aðeins þessa 5 síðustu daga urðu 26 samtals, þar af 24 á TF-ORM, en lendingar eru mjög margar á flugvélum Ernis hf., vegna þess hve flugin eru stutt að jafnaði.

1.6. Upplýsingar um loftfarið:

1.6.1. Um loftfarið sjálft:

Tveggja hreyfla farþegaflugvél, af gerðinni Piper PA-23-250. Flugvélin var smíðuð árið 1971 hjá Piper Aircraft Corp. flugvélaverksmiðjunum, Lock Haven, Pennsylvania, í Bandaríkjunum. Raðnúmer hennar var 27-4650.

Tæknistjórn Flugfélagsins Ernis hf. er hjá féluginu sjálfu, en skoðanir flugvél félagsins, en þar á meðal var TF-ORM, eru gerðar hjá Flugfélagi Norðurlands hf., á Akureyrarfugvelli

Heildarflugtími TF-ORM frá smíði varð samtals 5530:20 klst., þar af voru samtals 60:36 klukkustundir frá síðustu skoðun, sem var 50 klst. skoðun og frá síðustu 100 klst. skoðun þar á undan, voru 117:54 klukkustundir.

Hún var búin tveimur bulluhreyflum.

Vinstri hreyfill: Af gerðinni AVCO Lycoming IO-540-C4B5., 250 hestöfl, raðnúmer L-17735-40A. Heildargangtími hans varð samtals 1657:36 klst. frá síðustu grannskoðun.

Hægri hreyfill: Af gerðinni AVCO Lycoming IO-540-C4B5, 250 hestöfl, raðnúmer L-7123-48. Heildargangtími hans varð samtals 339:42 klst.

Í hvorum væng voru 3 eldsneytisgeymar. Innri geymir tók 36 USG, en ytri geymar voru samtengdir og tóku 60 USG samtals. Alls var því geymarými fyrir 96 US gallon í hvorum væng.

Flugvélín var keypt notuð frá Bandaríkjunum og skráð hér á landi sem TF-ORM, hinn 1. ágúst 1978, eign Flugfélagsins Ísnir hf. á Ísafirði, sem notaði flugvélina til farþega-, póst- og vörufutninga.

Lofthæfisskirteini hennar var síðast endurnýjað 10.09.1985 í gildi til 30.09.1986.

**1.6.2. Hleðsla og jafnvægi:** Ekki var gerð hleðsluskrá fyrir flugið, eins og Flugrekstrarbók Ernis hf. segir þó fyrir um, en þar sem unnt var með all miklu öryggi að segja til um það, hversu mikill þungi farms og farangurs fór um borð í flugvélina, var við rannsóknina gerð hleðsluskrá byggð á þeim upplýsingum.

Ljóst er, að við flugtak á Ísafirði var flugvélin nánast á hámarksflugtaksþunga, eða um 30 kg. undir hámarksmassa, sem var 2360 kg. og þungamiðja lá innan réttra marka.

**1.6.3. Afkastageta PA-23-250:** Samkvæmt afkastagetutöflum framleiðanda fyrir PA-23-250, þá er mesta klifur þessarar flugvélartegundar með fulla orku á báðum hreyflum, um 1450 fet/min. á hámarks massa, en þessar tölur eru miðaðar við nýja flugvél, með nýja hreyfla og við bestu aðstæður.

**1.6.4. Búnaður:** Flugvélin TF-ORM var búin tækjum til og skráð til atvinnuflugs og blindflugs. Hún hafði m.a. ísvarnarbúnað á vængjum og á framrúðu flugstjóra. Flugvélin var búin hæðarmæli með radarsvara (Transponder). Radarsvarinn er alltaf stilltur á málþrýsting, 1013.2 mb.

**1.6.5. Viðhald TF-ORM:** framkvæmda - og flugrekstrarstjóri Ernis hf. er jafnframt tæknistjóri. Daglegar skoðanir á TF-ORM voru gerðar á Ísafirði, en aðrar skoðanir gerðar hjá Flugfélagi Norðurlands hf. á Akureyri, samkvæmt samningi milli félaganna.

#### 1.7. Upplýsingar um veður:

Flugmaðurinn hafði aðgang að tölvukerfi Flugleiða hf. á Ísafjarðarflugvelli og skoðaði upplýsingar, sem þar voru, er hann undirbjó flugið. Þar var spá fyrir tímabilið kl. 0700 til 1700 um veður og vindi í lofti, svo sem hér segir:

- Í 8000 feta hæð  $190^{\circ}$  30 - 40 hnútar, hiti -  $5^{\circ}$ ,
- 10000 feta hæð  $190^{\circ}$  35 - 45 hnútar, hiti -  $8^{\circ}$
- 14000 feta hæð  $200^{\circ}$  35 - 45 hnútar, hiti -  $12^{\circ}$
- 16000 feta hæð  $210^{\circ}$  35 - 45 hnútar, hiti -  $18^{\circ}$ .

Spáð var lagskiptum skýjum og frostmarki í um 4000 feta hæð.

Veðurstofa Íslands gerði sérstaka athugun um veður á landinu og í nágrenni slysstaðarins á slystímanum. Skýrslu Veðurstofunnar um athugun þessa er að finna í Viðbæti 5.3.

Veðri var þannig háttar að þeim tíma er slysið varð, að um 1035 mb. hæð var milli Skotlands og Færeys, en um 985 mb. djúp lægð vestur af landinu, á leið norður Grænland. Kuldaskil frá þessarri lægð voru á austurleið, rétt út af Snæfellsnesi.

Framan af degi var landið í "hlýjum geira". Þetta hlýja loft streymdi til norðausturs og kuldaskil nálguðust úr vestri. Þau voru skammt út af Snæfellsnesi á hádegi.

Úrkombeltið, sem fylgdi skilunum, var um 180 km. á breidd, Talsvert rigndi vestanlands meðan skilin voru að þokast inn á landið og vindur yfir landinu var yfirleitt úr suðri, eða lítið eitt vestan við suður. Á Íslandskortinu frá hádegi er sunnanátt algengust á veðurathugunarstöðvum vestantil á landinu, en þróstilínur benda til að vindur í fjallahæð hafi verið 200°-210°.

Hvasst var í lofti, og hvassast var yfir landinu vestanverðu, rétt á undan kuldaskilunum. Veðurstofan telur líklegt, að miðað við veðurkort kl. 1200, hafi 50-60 hnúta vindstrengur legið yfir innanvert Snæfellssnes.

Í Stykkishólmi var á þeim tíma er slysið skeði, um 9 km skyggni, regn á sl. klukkustund, skýjafar 7/8 stratus, lægst 600 - 1000 fet, 8/8 skýjað alls, hiti 6° og daggarmark 3°.

Greinilegar fjallabylgjur voru yfir Snæfellssnesi og þær virtust hafa verið hvað atkvæðamestar á veðurtunglamynnum teknum kl. 12:29 og kl. 14:09. Vindur var að aukast á þessum tíma og samspil við breytingu bylgna, ásamt landfræðilegum aðstæðum, styrkti bylgjumyndun yfir Ljósufjöllum í þessarri vindátt.

Veðurstofan telur, að bylgjulengdin hafi verið nokkuð breytileg, en milli gervitunglamynnda sem teknar voru kl. 1229 og 1409, virðist hún hafa aukist úr 18 km. í 27 km. og það þykir benda til þess, að vindur í fjallahæð (700-1200 m.) hafi verið 60 - 65 hnútar kl. 12:29, en allt að 80 hnútar kl. 14:09, og þá líklega nálægt hámarki. Þá hafi hraði loftsins í upp - og niðurstreymi í bylgjunum verið 1800 til 2400 fet/min. og miklu meira í niðurstreymingu yfir norðanverðum fjöllunum.

Einnig telur Veðurstofan, að allsterkur "rotor" eða hvirfilský, hafi verið í fyrstu hlébylgju norðan Ljósufjalla og hefur leið flugvélarinnar legið gegnum bylgjuna nálægt Stykkishólmi.

Veðurstofan telur líklegt, að skýjatoppar á flugleið TF-ORM hafi náð í um það bíl 8000 til 11000 feta hæð. Einnig að skýjatoppar hafi verið nokkrum hærri yfir Snæfellssnesi, í bylgjugörðum á Breiðafirði og yfir Vestfjörðum, e.t.v. því, sem hæð fjallanna nemur. Frostmark var líklega í 3000-3500 feta hæð í bylgjutoppum yfir Breiðafirði, en líklega nær 4000 fetum milli þeirra.

Líklegt er, að allmikil ísing hafi verið í bylgjutoppum, einkum í fyrstu hlébylgju og í efri hluta rotorsins í henni.

Þá telur Veðurstofan, að sé tillit tekið til fráviks frá málhita og áhrifa windsins, er streymdi yfir fjallgarðinn, þá hafi mátt reikna með því að í 5000 feta hæð norðan hans, hafi hæðarmælir flugvélar sýnt 515 fetum of hátt.

#### 1.8. Leiðsögutæki:

Flugvélin var all vel búin tækjum til blindflugs. Hún var búin tvöföldum fjölstefnumóttakara (VOR/ILS), tveimur radióáttavítum (ADF), radarsvara (Transponder) og svæðisleiðsögutæki (R-NAV). Fjarlægðarmælir (DME) var hinsvegar í viðgerð og ekki í flugvélinni.

### 1.9. Fjarskipti:

Flugmaðurinn hafði eðlileg fjarskipti, fyrst við flugradióð á Ísafirði og síðan við Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík og fjarskiptataekið var stillt á tíðni hennar.

### 1.10. Flugvöllurinn:

Á ekki við.

### 1.11. Flugritar:

Flugritar voru ekki í TF-ORM og þeirra ekki krafist.

### 1.12. Flakið sjálft og vegsummerki:

1.12.1. Vettvangur: Flugvélin var var í um 730 metra (2200 feta) hæð yfir sjávarmáli, inni í dálítilli hvilft, sem gengur inn í fjallgarðinn fyrir botni Sóldýjadals, en hann skerst inn í fjallabáknið Ljósufjöll, á milli Gullkistu að vestan og Skyrtunnu að austan. Hæstu tindar fjallanna suður af slysstaðnum, ná upp í um 1063 metra (3485 feta) hæð yfir sjávarmáli.

Slysstaðurinn var nálægt því að vera á  $026^{\circ}$  geismanum "FRÁ" eða á  $206^{\circ}$  geismanum "AD" fjölstefnuvitum á Keflavíkurflugvelli.

Miðað við flugstefnuna, þá voru fram undan brattar brekkur upp að klettarana, sem gekk út til vinstri og mikil klettabelti beint fram undan og á hægri hönd i hálfhring við slysstaðinn. Aftur undan var hæðardrag, talsvert hærra en slysstaðurinn, en á hægri hlið var brött fjallshliðin niður undan.

Þar sem flugvélin flaug í fjallshliðina, var mjög mikill, þykkur og nokkuð þungur snjór. Segulstefna ferilsins var um  $142^{\circ}$  og hann lá skáhallt utan í og upp eftir hliðinni. Halli landsins var á slysstað um  $10^{\circ}$  til vinstri, miðað við flugstefnuna, en hallinn jókst mjög neðan við flakið.

Flugvélin hafði flogið utan í hliðina sem næst í lárétti stöðu, en lækkun (rate of descent) var greinilega mjög mikil.

Ummerki voru nokkuð greinileg, en talsvert hafði snjóað í förin, þegar rannsakendur komu á slysstað.

Fyrstu ummerki voru eftir hægri vænginn, sem grófst í snjóinn og brotnaði af við búk flugvélarinnar.

Síðan kom við og um 100 sm. djúp gryfja eftir sjálfan búkinn. Þá tókst flugvélin á loft aftur og kastaðist beint áfram um 21 metra og nam staðar. Flakið lá um 2 metrum ofar en fyrstu ummerki.

Báðir vængir og nefið voru brotin af flugvélinni.

Hægri vængurinn brotnaði aftur og lá skáhallt aftur með búknum. Skrúfublöð hægri hreyfils báru með sér, að mikið afl hafði verið á hreyflinum, þegar blöðin tóku niðri. Vængendinn var brotinn af, vængurinn rifinn upp og eldsneytisgeymar rifnir sundur.

Vinstri vængurinn var einnig brotinn frá búknum. Hann var á réttum stað, en á hvolfi. Hreyfillinn hafði stungist niður og vængurinn snúist sundur við búkinn, um leið og honum hvolfdi í heilu lagi. Skemmdir á skrúfublöðum vinstri hreyfils voru ekki miklar.

Afturhluti búksins var heill, en á móts við fremstu sætisbök eða vængbitann var krumpa í búknum. Fremsta hliðar-rúða vinstra megin var brotin, svo og framrúðan. Hurðin, sem er á hægri hlið flugvélarinnar, var brotin af og lá nokkuð frá flugvélinni. Nef flugvélarinnar var að mestu tætt af og klesst að mælaborði.

Gólfíð var gengið upp, mest í fremri hluta flugvélarinnar. Sætisfætur höfðu kiknað og flugvélin bar þess greinileg merki, að fallhraði hennar (Rate-of-descent) var mikill, þegar hún rakst í jörðu.

Vængbörð og hjól voru uppi.

**1.12.2. Fjarskipta - og leiðsögutæki:** Báðir fjölstefnumóttakarnir, voru stilltir á fjölstefnuvitann á Keflavíkurflugvelli (KEF-VOR 111,2 MHz). Annar sýndi 024° geislann og hinn 018° geislann "TIL" fjölstefnuvitans. Vegna skemmda á tækjunum, reyndist ekki unnt að finna á hvaða tíðni tveir móttakarar ráðið áttavítanna voru stilltir. Annar sýndi 10° og hinn 198°. Ekki var kveikt á svæðisleiðsögutækinu (R-NAV).

Hæðarmælirinn vinstra megin var stilltur á 30 tommur, eða 1016 Mb. Hann var brotinn og sýndi 1220 fet. Sá sem var hægra megin í mælaborðinu var stilltur á 1015 Mb. og hann sýndi 2310 fet.

**1.12.3. Loftskrúfur og stjórntæki hreyfla:** Engin leið var að sjá, hver skurður skrúfublaðanna hafði verið er þau tóku niðri, en eftir skemmdum á þeim að dæma, virtist a.m.k. hægri hreyfill hafa verið á miklu afli.

Handföng eldsneytisgjafa, blöndustyrks og skurðstilla loftskrúfna virtust öll hafa verið fram, þ.e. að hreyflar hafi verið stilltir á fullt afl, ríka blöndu og finan blaðskurð. Aftur á móti var stjórnbörðið mjög skekkt og öll áðurnefnd handföng af þeim sökum færst nokkuð aftur í slysinu.

Eldsneytishani hægri hreyfils var stilltur á innra vænggeymi, en eldsneytishani vinstri hreyfils var brotinn fram, þannig að hann var stilltur á ytri geyma.

Samtengirofi (Crossfeed) var "A", en var brotinn úr stillingu, þannig að hann gat hafa verið í hvaða stöðu sem var. Kælispjöld hreyfilhlifa voru í hálf-opinni stöðu.

#### **1.13. Læknisfræðileg rannsókn:**

Krufning Rannsóknarstofu Háskóla Íslands leiddi í ljós, að flugmaðurinn lést af miklum meiðslum á höfði og brjósti.

Engin merki um eitranir, kolsýrling eða áfengi fundust í blóði hans.

#### **1.14. Eldur:**

Eldur kom ekki upp.

### 1.15. Möguleikar á að komast af:

Læknir var í fyrsta hópi björgunarmanna sem kom á slysstað.

Flugmaðurinn og farþegi við hlið hans voru látnir og í sætum sínum. Farþegi í vinstra sæti í miðröð var á lifi, en meðvitundarlitill og mikið slasaður. Hægra sætið í miðröðinni með farþeganum í, hafði kastast út úr flugvélinni. Það lá utan flugvélarinnar og var hann í því látinna.

Í öftustu sætaröðinni voru tveir farþeganna auk kornabarns. Vinstra megin var karlmaður, slasaður en með fullri meðvitund. Hann var með barnið í fanginu og það hafði láttist í slysinu.

Hægra megin var móðir barnsins. Hún var stórlösuð og meðvitundarlaus. Hún lést skömmu síðar, er verið var að flytja hana niður af fjallinu.

Í flugvélinni voru öryggisbelti á öllum sætum, en ekki axlaólar. Allir höfðu haft beltin spennt, nema barnið.

### 1.16. Rannsóknir og prófanir:

#### 1.16.1. Vinstri hreyfill:

Við nánari athugun kom eftirfarandi í ljós:

A. Ástand bulla, bulluhringja, ventla, sveifaráss, smuroliu, bensínsiu, kveikja og annars aukabúnaðar var gott og ekkert benti til að um bilun hafi verið að ræða, sem valdið hefði getað gangtruflun eða bilun,

B. Ljóst er af ummerkjum, að staða afgjafans var á fullu afli þegar slysið varð,

C. Fjögur af tólf kertum stóðust ekki próf í þar til gerðu prófunartæki, vegna mikillar blýútfellingar sem í þeim var. Þau voru því sett í annan hreyfil sömu gerðar og reyndust þá 3 þeirra vinna rétt við uppkeyrslu á jörðu, en eitt reyndist algjörlega skammhlaupið.

Tvö kertanna reyndust vera af rangri tegund (EM41), sem ekki er viðurkennd fyrir þennan hreyfil. Ekki er þó talið að þau hafi valdið gangtruflunum.

D. Háspennuþræðirnir til kertanna voru í slæmu ásig-komulagi, mjög víða mikið nuddaðir og var jarðhlífin (screening) ýmist í sundur vegna nudds, eða vegna beygjunnar við kertin. Má ætla, eftir úttiitinu að dæma, að ekki hafi verið skipt um háspennuþræðina þegar hreyfillinn var síðast grannskoðaður.

E. Við skoðun inntakspippana (6 stk.) kom í ljós að gúmmimúffan, sem tengir hvert rör við stút, sem stendur út úr oliupönnunni, hafði aðeins farið 3-4 mm. uppá stútinn á þremur stöðum og hosukleman síðan verið hert, án þess að hún færi inn á stútinn.

Hefur þetta síðan smámsaman gliðnað og farið að draga loft, sérstaklega þegar blönduþrýstingur er lágor (við miðlungs afl og lítið afl) og valdið veikri blöndu á þeim strokkum, sem fyrir lekanum verða og sterkri blöndu á hina.

F. Loftskrúfan, sem var af gerðinni Hartzell HCE2YR-2RB5, raðnúmer BP3543, hafði verið grannskoðuð 871:36 klst. fyrir slysið. Hún reyndist mjög lítið skemmd.

Af blöðum hennar má ráða, að afl hefur verið á hreyflinum, þar sem bæði blöðin virtust hafa bognað lítillega framávið, áður en þau bognuðu aftur.

Ógerningur er að að staðhæfa hversu mikið aflið var, en af ummerkjum má sjá að skrúfan snérist inn og hálfan snúnning, eftir að hreyfilhlífin kýldist upp undir skrúfuöxlunni og e.t.v. 1 til 2 snúninga eftir það, þegar vængurinn snérist af og honum hvolfdi. Liklegt er, að fyrirstaða hafi verið verulega minni og mykri en á hægri loftskrúfunni, er þær tóku niðri.

G. Ekkert fannst athugavert við eldsneytisstjórnkerfi hreyfilsins, leiðslur eða úðara.

H. Ekkert fannst athugavert við loftinntakskerfið, né það kerfi, sem fyrirbyggja á ísmyndum í intakskerfi hreyfilsins. Hugsanlegt er að ís hafi safnast á loftþrýstiþreifurum (impact tubes), en þeir eru 4 talsins og eru staðsettir framan við eldsneytisstýritækisins (fuel control unit).

Slik ísing þarf ekki að verða mikil, til þess að hafa veikjandi áhrif á blönduna, en það leiðir til minnkandi afls. Ógerlegt reyndist að staðfesta hvort afisingartækin fyrir hreyfilinn voru "A" eða "AF".

#### 1.16.2. Hægri hreyfill:

Rannsókn á hægri hreyfli og loftskrúfu hans, leiddi í ljós, að hreyfillinn hafði gengið á miklu afli, er skrúfublöðin tóku niðri.

Bæði blöð skrúfunnar voru kengbogin og brotin.

### 1.17. Aðrar upplýsingar:

#### 1.17.1. Blindflughæðir á flugleið TF-ORM:

Lágmarksflughæðir fyrir blindflug á ferli TF-ORM, eru 4600 fet að Snæfellsnesi, 5000 fet yfir Snæfellssnes og 3500 fet yfir Faxaflóá á flugleið "Amber-1". Þessar hæðir tryggja 1500 feta lágmarkshæð yfir hæstu hindrun á flugleiðinni við málskilyrði.

#### 1.17.2. Um vind í lofti og takmarkandi ákvæði:

Réttur flughraði TF-ORM var gefinn upp 160 hnútar í flugáætluninni. Raunverulegur flugtími í farflughæð yfir Breiðafjörðinn eða 37 sjómílna vegalengd, var um 27 mínútur. Samkvæmt því hefur vindur á móti verið um 80 hnútar.

Flugrekstrarbækur flugrekenda hafa að geyma ákvæði um takmarkanir á flughæðum, eftir vindstyrk í lofti.

Í Flugrekstrarbók Ernis hf. segir svo m.a.:

#### "2.1.8. Lágmarksflughæðir.

2.1.8.2. Þegar gerð er flugáætlun í blindflugi yfir Íslandi og velja á lágmarksflughæð, skal bæta við útreiknaða lágmarkshæð eftirfarandi leiðréttingu, ef spáð er eða mældur vindur í viðkomandi hæð er:

0 - 20 hnútar. Engin leiðréttning,

20 - 34 hnútar. Bæta 1000 fetum við lágmarkshæð.

35 - 59 hnútar. Bæta 2000 fetum við lágmarkshæð.

60 hnútar og yfir. Ófært."

#### 1.17.3 Vindtakmarkanir á Ísafirði:

Þegar flugið var undirbúið, var vindur á flugvellinum á Ísafirði á bilinu  $180^{\circ}$ - $240^{\circ}$  og vindstyrkur 10 til 20 og upp í 35 hnúta. Við brottför TF-ORM frá Ísafirði, var vindur  $180^{\circ}$ - $220^{\circ}$  10 hnútar gustaði í 20 hnúta.

Flugrekstrarbók Flugleiða hf. gerir ráð fyrir 10 hnúta hámarksvindi á bilinu  $100^{\circ}$ -  $209^{\circ}$  og 20 hnútum á bilinu  $210^{\circ}$ - $249^{\circ}$ . Flugrekstrarbók Ernis gerir ráð fyrir 10 hnúta hámarksvindi og 15 hnúta hámarksgusti á bilinu  $110^{\circ}$ -  $210^{\circ}$  og 20 hnúta hámarksvindi á bilinu  $210^{\circ}$ -  $230^{\circ}$ .

#### 1.17.4 Hæðarmælisskekkjur:

Veðurstofa Íslands gerði athugun á þeim skekkjum, sem gætu valdið skekkjum á aflestri hæðarmælis TF-ORM og var niðurstaðan eftirfarandi:

a) Hitaleiðréttung: Hiti við sjávarmál var  $6^{\circ}$ -  $7^{\circ}$ , eða  $8^{\circ}$ -  $9^{\circ}$  undir málhita. Sé tillit tekið til, að í bylgjutoppum og yfir fjallinu var loft lítið eitt kaldara en annars staðar, er eðlilegt að miða við, að loftið hafi verið  $10^{\circ}$  kaldara en málloft. Af því leiðir um 4% skekkju í hæðarmælingu.

Í lágmarksflughæð yfir Ljósufjöllum, 5000 fetum, sýnir hæðarmælirinn því um 200 fetum of hátt.

b) Vindleiðréttung: Loftþrýstingur lækkar í hvössum vindstrengjum. Hafi vindur í fjallahæð verið nær 80 hnútar, samsvarar það því að hæðarmælir hafi sýnt 315 fetum of hátt. Hafi vindurinn í strengnum yfir fjallið hinsvegar verið meiri, vex skekkjan með vindhraðanum í öðru veldi og hæðarmælisskekjan vex mjög hratt. (100 hnútar samsvara 490 feta skekkju á hæðarmæli).

Séu þessar leiðréttningar lagðar saman, fæst að í 5000 feta hæð sýnir hæðarmælirinn 515 fetum of hátt, en það jafngildir því að í þeirri hæð sé QNH um 17 mb lægra en við sjávarmál. Til viðbótar eða frádráttar þessari skekkju kæmi mismunur á stillingu mælisins og þrýstingi við sjávarmál á þessum stað, sem getið er í lið c).

c) Stillingarskekja: Loftþrýstingur í Stykkishólmi um það leyti sem slysið skeði, var 1015 mb. Hæðarmælir flugmanns í flaki flugvélarinnar TF-ORM sýndi 1016 mb. og sá sem var hægra megin sýndi 1015 mb. Munurinn 1 mb. er 30 fet og hefði því mælirinn átt að sýna 30 fetum of hátt þessvegna. Hafi hæðarmælir flugmannsins verið stilltur á 1018 mb., eins og gefið var í heimildinni, er um að ræða 3 mb. eða 90 feta skekkju, sem hæðarmælirinn hefur sýnt of hátt.

Skekka samkvæmt liðum a) og b) er 515 fet., en sé hún lögð við það sem kemur fram í lið c) hér að ofan, má reikna með því, að hæðarmælir TF-ORM hafi sýnt 605 fetum of hátt, miðað við raunverulega flughæð flugvélarinnar.

#### 1.18. Nýjar rannsóknaraðferðir:

Engar.

## 2. ÁLYKTANIR:

Tilefni flugsins var fyrst og fremst það, að áætlunarflugvél Flugleiða hf. kom ekki frá Reykjavík og nokkrir farþegar, sem ætluðu til Reykjavíkur, sóttust eftir fari með flugvél Ernis.

Vindstefna- og styrkur á Ísafjarðarflugvelli við brottför TF-ORM, sveiflaðist nokkuð og var ýmist undir, við eða yfir hámarksmörkum Ernis og flugvélin TF-ORM fór loks kl. 12:30.

Flugmaðurinn kannaði veður og vinda á flugleiðinni í tölvukerfi á Ísafjarðarflugvelli fyrir brottför. Ekkert kom fram, er benti til þess að hann hefði leitað eftir upplýsingum annars staðar frá og þar af leiðandi hafði hann engar upplýsingar um hugsanlegar fjallabylgjur.

Flugvélin kom inn á radarskjá að flugsstjórnar Reykjavíkurflugvallar um kl. 12:50 og var hún þá norðan Breiðafjarðar á stefnu að "ST".

Veðurstofan telur líklegt í skýrslu sinni, sem um getur í gr. 1.7., að vindur í fjallahæð (700-1200 m) hafi verið 60 - 65 hnútar kl. 12:29, en allt að 80 hnútar kl. 14:09, og þá líklega nálægt hámarki. Þá hafi upp - og niðurstreymi verið 1800 til 2400 fet/mín. í bylgjunum, en miklu meira í loftstraumnum, sem féll norður af fjallgarðinum.

Veðurstofan álítur, að líklega hafi verið allmikil ísing í bylgjutoppum, einkum í fyrstu hlébylgju og í efri hluta rotorsins í henni.

Samkvæmt frásögn farþega er af komst, hlóðst talsverður ís á framrúðu flugvélarinnar. Ísinn fór samkvæmt frásögn hans að brotna af, skömmu eftir að flugvélin hóf að lækka flugið. Hugsanlegt er þó, að einhver ís hafi verið eftir á flugvélinni, en ekki reyndist unnt að sannreyna það, vegna þess að hiti var yfir frostmarki á slysstað.

Yfir Stykkishólmi var alskýjað og hæð lægstu skýja náði niður í 600 til 1000 feta hæð. Líklegt er talið, að skýjatoppar hafi náð í 8000 til 11000 feta hæð. Lengst af var TF-ORM flogið í skýjum, samkvæmt frásögn farþega sem komst af. Ekki er óhugsandi að grisjað hafi niður milli bylgjutoppa.

Flugáætlunin gerði ráð fyrir því, að farflugið alla leið að "RK" yrði í FL-080. Flugmaðurinn óskaði hinsvegar eftir leyfi til þess að lækka flugið, fyrst í FL-060 og síðan í lágmarkshæð, eða 5000 fet.

Þá liggur það fyrir, að spáð var 30 til 40 hnúta vindi í 8000 feta hæð og samkvæmt Flugrekstrarbók Ernis hf. mátti því ekki fljúga í minni hæð en FL-070 yfir Snæfellsnesið, þar sem lágmarkshæð til blindflugs er 5000 fet við málskilyrði. Þar að auki mætti ætla, að flugmaðurinn hafi "mælt" vindstyrkinn, sem var um 80 hnútar á móti yfir Breiðafjörðinn, svo sem getið er um í gr. 1.17.2. hér á undan.

Samkvæmt radarmynd af ferli flugvélarinnar, hélt hún flughæðinni FL-060 þvert yfir Breiðafjörð. Hún var á réttum ferli og flugmaðurinn gaf staðarákvörðun á réttum stað yfir "ST". Virðist því lítill vafi leika á því að hann hafi gert sér grein fyrir hinum mikla mótvindi og jafnframt því, að

þegar hann fór yfir "ST" hafi hann, með sama hraða yfir jörð, hlotið að eiga a.m.k. 8-9 mínútna flug eftir, þar til suður fyrir fjallgarðinn kæmi.

Samkvæmt þessu er erfitt að skilja þá ákvörðun flugmannsins, að óska eftir lágmarkshæð, en engin skýring önnur virðist nærtæk, en að flugmaðurinn hafi verið að reyna að komast niður í hlýrra loft, eða álið vindinn minni í lægri hæð.

Veðurstofa Íslands álitar, að fyrsta hlébylgja hafi verið um Stykkishólm og því hefur fyrsti bylgjudalur verið talsvert sunnan "ST". Samkvæmt radarmyndinni, fór TF-ORM að lækka hægt flugið strax og hún fór yfir "ST". Fyrst í stað er hún í uppstreymi en síðan, er nálgast fjallgarðinn, fer loftið að streyma niður hægt í fyrstu, en hraði þess eykst og mesti hraðinn er nálægt fjallgarðinum.

Svo sem fram kom í gr. 1.1., var flugmaðurinn í sambandi við Flugstjórnarmiðstöðina í Reykjavík og flugvélín sást á radarskjám. Samkvæmt afriti fjarskipta við TF-ORM, sá flugumferðarstjórin í Aðflugsstjórn Reykjavíkurflugvallar TF-ORM fara niður fyrir 5000 fet, eða niður í 4600 feta hæð og fram kemur, að hann virtist álita að lágmarkshæðin væri 4500 fet þarna og hann gerði ekki athugasemdir við flugið.

Flugvélin lækkaði flugið úr FL-060 í 5000 fet á 2:23 min., sem er um 150 feta lakkun á min. Lakkunin hætti ekki í 5000 feta hæðinni, heldur hélt hægt áfram næstu 2 min. og 12 sek, uns flugvélin hvarf af skjánum. Þá sýndi radarmyndin 4500 feta hæð yfir sjó, ferillinn var farinn að sveigja til austurs og vélin komin mjög nálægt fjöllunum.

Veðurstofan telur, að sé tillit tekið til fráviks frá málhita og áhrifa vindsins, er streymdi yfir fjallgarðinn, þá hafi mátt reikna með því að í 5000 feta hæð norðan hans, hafi hæðarmælir TF-ORM sýnt 515 fetum of hátt. Hafi hæðarmælir TF-ORM verið stilltur á 1018 mb. eða 3 mb. hærra en staðarþrýstingur í Stykkishólmi og nemur það 90 fetum. Þó verður að telja að hæðarmælirinn hafi verið stilltir nálægt réttum staðarþrýstingi, miðað við það hvað mælarnir í flakinu sýndu og er þá skekkjan á mæli flugmannsins 30 fet, eða 545 fet alls.

Þess ber að geta, að útreikningur á hæðarmælisskekkju er ekki hárnákvæmur. Hafi vindur verið meiri og loftþrýstingur minni er nálgædist fjallið, hefur flugmaðurinn lesið enn meiri hæð af mæli sínum. Sé t.d. gert ráð fyrir því, að vindur hafi verið 100 hnútar og loftþrýstingur 2 mb. lægri, er viðbótarskekkjan 235 fet.

Sé miðað við, að skekkjan hafi verið 545 fet, verður að álita, að þegar hæðarmælir flugvélarinnar sýndi 5000 fet, hafi hún í raun verið komin niður í um 4455 fet yfir sjávarmáli.

Radarsvarinn í flugvélum er faststilltur á málþrýsting 1013,2 mb. og gefur því radarnum upplýsingar í samræmi við þá stillingu. Móttakarinn í radarnum sjálfum leiðréttir upplýsingarnar miðað við staðarþrýsting, um leið og radarsvarinn fer niður fyrir FL-080. Hér er ekki tekið tillit til þess, að radarsvarinn sendir upplýsingar í heilum hundruðum feta og fer á þau 100 fet sem næst eru hæðinni.

Þegar flugvélin hvarf af radarskjánum, sýndi hann hæð hennar 4500 fet yfir sjávarmáli. Af ofangreindu verður að álita, að þegar flugmaðurinn las um 5000 fet af hæðarmæli sínum, hafi raunveruleg hæð flugvélarinnar yfir sjávarmáli verið um 4400 - 4500 fet.

Þegar flugvélin kom að fjallgarðinum, flaug hún inn í svo mikið niðurstreymi norðan fjallgarðsins, að klifurgeta hennar gat ekki vegið á móti því. Eftir staðsetningu flugvélarinnar að dæma, þegar hún hvarf af radarskjánum, þá er næsta víst að uppstreymið hafi þar verið hætt og niðurstreymið hafið.

Í samræmi við álit Veðurstofu Íslands, má telja líklegt að fallhraði loftsins hafi verið þar allt að tvöfalt meiri en í bylgjunni sjálfrí, eða 3600 til 4800 fet/min.

Samkvæmt flughandbók PA-23-250, er mesta klifur flugvélar af þessarri gerð, með báða hreyfla á fullri orku, um 1450 fet/min. Þessar tölur miðast við nýja flugvél með nýja hreyfla. Telja verður að klifurgeta TF-ORM hafi verið verulega minni. Ekki er ólíklegt, að einhver ísing hafi verið á skrokk og vængjum, enda þótt ísvarnarbúnaður hafi verið á vængbrúnunum utan hreyflanna. Einnig bendir ýmislegt til þess, að a.m.k. vinstri hreyfillinn hafi ekki náð fullri orku. Hvoru tveggja ofantalið hefði dregið stórlega úr klifurgetu flugvélarinnar.

Annar farþeginn sem af komst, lýsir þessum síðustu augnablikum svo: "Flugvélin lækkaði flugið rólega og ókyrrð var ekki mikil. Allt í einu var eins og tröllshrammur gripi flugvélina og kastaði henni niður. Farþegarnir héngu í beltunum og flugmaðurinn virtist hafa mikið að gera".

Fjallgarðurinn nær þarna upp í um og yfir 1000 metra hæð, eða yfir 3000 fet yfir sjávarmál. Þótt hámarks klifurafköst hefðu náðst, hefur nettó fallhraði TF-ORM afar líklega verið meiri en 3000 fet/min. Því hefur fallið tekið skamman tíma, en slysstaðurinn var í um 2200 feta hæð yfir sjávarmáli.

Í skýrslu Veðurstofu Íslands, Viðbæti 5.4. segir svo:

"Regional - QNH" var um þetta leyti talið 997 mb. Það þýðir að til viðbótar við lágmarksflughæðir skuli koma um 480 fet, vegna fráviks frá málskilyrðum.

Samkvæmt því ætti fluglag 060 að vera hið lægsta nothæfa fyrir blindflug á þessari leið. Það verður hins vegar að teljast mjög varhugavert að fljúga svo lágt þegar svo hvasst er í lofti sem hér var. Má í því sambandi minna á reglur, sem SAS - flugfélagið setur sér um viðbót við lágmarksflughæðir vegna vindar við fjöll, og getið er um í upplýsingabréfi B-6 frá 19. jan. 1984. (Sjá Viðbæti 5.4.) Við þær aðstæður, sem hér er um að ræða, væri sú viðbót 2000 fet (vindur 61 hnútur eða meiri)."

Veðurfræðingar Veðurstofu Íslands hafa mjög oft í tengslum við rannsóknir flugslysa og óhappa, sem orðið hafa, rannsakað þann þátt sem veðurskilyrði hafa átt í orsökunum.

Hér má til dæmis nefna, skýrslu þeirra

[REDACTED] þegar TF-RTO flugverfriugreiðs Austurlands hf., fórst í Smjörfjöllum, 22. sept. 1980. Skýrslu þessarri var dreift til allra flugrekenda, flugskóla og annarra, sem áhuga höfðu.

Þá gerði [REDACTED] veðurfræðingur viðamikla og merkilega athugun á fjallabylgjum og áhrifum þeirra, bæði í sambandi við tiltekin slys og óhöpp í flugi, svo og um allmenna hegðun fjallabylgja yfir Íslandi. Skýrslu [REDACTED] var dreift til sömu aðila.

Einnig var fjallað um efnið á sérstökum almennum fræðslufundi fyrir flugmenn og flugáhugamenn haustið 1984 og í samráði við Borgþór, gaf Flugmálastjórnin út upplýsingabréf um hæðarmæliSSKEKKjur og áhrif fjalla á þær. Upplýsingabréfið B-6, dags. 19. jan. 1984, var sent áskrifendum Flugmálahandbókar.

Samkvæmt ofanrituðu virðist mega efast um, að tekið sé nægt tillit til þeirrar hættu sem vindar við og yfir fjöll hafa í för með sér. Því virðist vera ærin ástæða til þess að kanna hversu alvarlega flugmenn og flugrekendur taka ákvæði í eigin flugrekstrarbókum, sem Flugmálastjórn hefur samþykkt fyrir viðkomandi flugrekstur, svo og ábendingar, eins og þær sem fram koma í t.d. Upplýsingabréfum Flugmálastjórnar.

Athugun á dagbókum flugvélarinnar leiddi í ljós, að henni hafði verið flogið framyfir leyfilegan tíma milli skoðana. Þannig voru 60:36 klst. frá síðustu 50 klst. skoðun og 117:54 klst. frá síðustu 100 klst. skoðun.

Við rannsókn á hreyflum flugvélarinnar, kom í ljós að ýmislegt var athugavert við vinstri hreyfilinn. Ástand kertanna var lélegt, eitt reyndist algjörlega skammhlaupið og tvö reyndust vera af rangri tegund, sem ekki er viðurkennd fyrir pennan hreyfil. Ekki er þó talið að þau hafi valdið gangtruflunum en það má telja fullvist að ef truflun hefur átt sér stað í verkun kertisins á móti því bilaða þá hafi alvarleg gangtruflun verið óumflýjanleg.

Þá var ástand innaksgreina ekki gott og samskeyti óþétt. Hafa þau dregið loft sérstaklega þegar blönduprýstingur var lágur (við miðlungs og lítið afl) og valdið þar af leiðandi veikri blöndu á þeim strokkum, sem fyrir lekanum urðu og of sterkri blöndu á þeim þéttu.

Því er vel hugsanlegt, að hreyfillinn hafi ekki náð fullu afli og raunar bentu vegsummerki á slysstað til þess.

3. **NIÐURSTÖÐUR:**

- Líklegir orsakapættir eru merktir með stjörnu \*.
- 3.1. Flugmaðurinn hafði gild réttindi til þess að fljúga þetta flug.
  - 3.2. Hleðsla og þungamiðja flugvélarinnar voru innan réttra marka.
  - 3.3. Flugvélinni hafði verið flogið 118 klst. frá síðustu 100 klst. skoðun og 60 klst. frá síðustu 50 klst. skoðun. Ástand vinstri hreyfils var ekki gott og hugs-anlegt að hann hafi ekki gengið á fullu afli er slysið varð.
  - 3.4.\* Flugmaðurinn kynnti sér ekki nægilega veðurskilyrði á fyrirhugaðri flugleið og hann fór ekki eftir ákvæðum flugrekstrarbókar Ernis hf., hvað varðar flug í sterku-um vindu.
  - 3.5.\* Þegar flugmaðurinn ákvað að lækka flugið í lágmarkshæð fyrir blindflug á þessum hluta leiðarinnar, tók hann ekki tillit til ytri aðstæðna, svo sem áhrifa vind-straumsins yfir Snæfellsnesfjallgarð, samanber Upp-lýsingabréf Flugmálastjórnar, B-6 frá 19. jan. 1984 og ákvæða flugrekstrarbókarinnar.
  - 3.6.\* Mjög hvasst var á ferli flugvélarinnar og henni var flogið niður fyrir lágmarksblindflugshæð. Vegna hæðar-mælisskekkju, sem sterkur vindur yfir háan fjallgarð olli, sýndi hæðarmælir flugvélarinnar milli 500 og 600 fetum of hátt er hún hvarf af radarskjánum og raun-veruleg flughæð hennar var þá það sem því nam, undir lágmarkshæð og aðeins rúmlega 1400 fetum yfir hæsta hluta fjallanna.
  - 3.7.\* Mjög sterkt niðurstreymi var hlémegin við fjallgarðinn og miklu meira en mesta klifurgeta flugvélarinnar á fullu afli á báðum hreyflum.

4. TILLÖGUR Í ÖRYGGISÁTT:


- 4.1. Brýnt er, að kannað verði með hvaða hætti megi koma á skjótu og góðu upplýsingastreymi milli flugmanna og Veðurstofu Íslands. Flugmenn verði einnig hvattir til þess að koma upplýsingum, sem varða flugöryggi, svo sem veðurupplýsingum, til viðkomandi aðila.
- 4.2. Kannað verði, hvernig flugrekstrarbækur flugrekenda, upplýsingarit og annað fræðsluefni, sem Flugmálastjórn hefur gefið út, eru notaðar í viðhaldspjálfun og endurmenntun flugmanna, t.d. við hæfnipróf. Ennfremur verði brýnt fyrir flugrekendum og flugmönnum, að þeir kynni sér tiltækt fræðsluefni um veðurskilyrði á Íslandi.
- 4.3. Kannað verði, hvort nægilegt tillit sé tekið til allra þekktra skilyrða og aðstæðna, þegar lágmarks blindflugshæðir eru notaðar hverju sinni og hvaða úrbætur eru tiltækar í því efni.
- 4.4. Kannað verði, hvort ekki sé timabært að krefjast þess, að flugvélar sem notaðar eru í reglubundnu flugi og þjónustuflugi eftir blindflugreglum, verði búnar jafnþrystiklefum og/eða hverfiheyflum, þannig að unnt sé að fljúga yfir versta veðrið.

  
Reykjavík 15. sept. 1986,


  
form. Flugslysaneftnar Rannsakandi flugslysa

5. VIÐBETIR:


- 5.1. Kort, er sýnis slysstað TF-ORM.
- 5.2. Kort með ferli TF-ORM, samkvæmt radarskjá.
- 5.3. Ljósmyndir frá slysstað.
- 5.4. Tafla um klifurafköst PA-23-250.
- 5.5. Upplýsingabréf Flugmálastjórnar B-6, frá 19.jan. 1984.
- 5.6. Skýrsla Veðurstofu Íslands dags. 29.júlí 1986.
- 5.7. Afrit af fjarskiptum.




Mynd 6. Mynd frá veðurtungli (ljósmynd) 5. apríl 1986 kl. 14:09.



Mynd 7. Mynd frá veðurtungli (hitamýnd) 5. apríl 1986 kl. 14:09.






## VIÐBÆTIR 5.2. Perill TF-ORM, samkvæmt radarskjá

BHEIDA JORDUR

*FAXAFLÓI*



VIÐBÆTIR 5.3.  
Ljósmyndir frá slysstað.



**HORFT TIL SUÐURS**  
Grillir í snæbarin og ísuð kletta-  
beltin fyrir framan og ofan.



-250

LOFTI



E 7

121 REYKJAVÍK BOX 350  
Sími: (91) 17430  
Telex: 2250 FALCON IS  
Simnefni: CIVILAIR  
AFTN: BIRKYN



UPPLÝSINGABRÉF  
B- 6  
19 JAN 1984

UM HÆDARMELISSKEKKJUR O.FL.

Eftirfarandi athugasemdir gerði Borgþór H. Jónsson veðurfræðingur, að tilmælum flugmálastjórnar vegna nýja aðflugsins úr suðri til Akureyrarflugvallar.

Rétt er að benda á að þessi fróðoleikur á ekki eingöngu við um Akureyri, miklu fremur um landið allt, þegar aðstæður eru eins og lýst er.

Athugasemd: ISA þýðir: International Standard Atmosphere.  
í ICAO Annex 8 eru meðal annars eftirfarandi skilgreiningar fyrir ISA.

- a) loftbrýstingur við sjávarmál: 1013,25 mb
- b) hiti við sjávarmál: 15°C
- c) hitabreyting: -1.98°C fyrir hver 1000 fet upp, þar til hiti er -56,5°C.

1. Norðlæg átt þýðir venjulega kaldara loft en "ISA" hitastig. Þetta þýðir í reynd að hæðarmælirinn sýnir of hátt gildi, jafnvel þótt QNH sé 1013 mb. Mismunurinn getur orðið allt að 10% af flughæð ef ekki meir. Hann er um það bil 4% fyrir hverjar 10 gráður í mismun frá "ISA".
2. Upp- eða niðurstreymi í lofthjúpnum getur einnig haft veruleg áhrif á hæðarmælinn, t.d. í fjallabylgjum, þrumuveðri o.s.frv.
3. Flugvélar sem fljúga yfir fjöllótt land, þar sem hitastig er næstum því alltaf fyrir neðan gildi "ISA" eru því oftast í lægri flughæð en hæðarmælirinn sýnir jafnvel þótt QNH gildi frá lendingarstað við rætur fjallsins sé rétt lesið. Hér á landi er næstum því undantekningarálaust gildandi sú regla, að hæðarmælar sýna of hátt gildi vegna þess að hitastigið er lægra en hæðarmælirinn er byggður á.

Áhrif fjalla

1. Áveðurs við fjöll eða fjallgarða er þrýstingur oft hærri vegna þess, að loftið "hleðst upp" áveðurs við fjallið. Að sama skapi getur loftbrýstingurinn orðið verulega lægri hlémegin við fjallið. Sé hæðarmælir stilltur samkvæmt QNH áveðurs við fjallgarðinn og flogið síðan til staðar hlémeginn getur verið verulegur mismunur og skekkja á hæðarmælagildum staðanna.
2. a) Yfir og nálægt fjöllum myndast oft windsveipir vegna vindstrauma í lofthjúpnum. Þegar sveipirnir próast myndast hrинг-íða kringum miðjupunkt þeirra. Miðflóttaaflskraftar í hrингiðunni valda því að loftbrýstingur fellur þar. Þetta fall í loftbrýstingnum er staðbundið en það getur valdið verulegum villum í aflestri hæðarmæla, sem sýna þá of hátt gildi yfir fjallatoppum og hlémegin. SAS-flugfélagið hefur gefið út töflur fyrir vindhraða og leiðrétti-ingu á flughæð yfir fjöll og fjallgarða:

Vindhraði:

31-40 hnútar bætið 500 fetum við lægstu leyfilega flughæð.  
41-50 hnútar bætið 1000 fetum við lægstu leyfilega flughæð.  
51-60 hnútar bætið 1500 fetum við lægstu leyfilega flughæð.  
61 hnútar og meira bætið 2000 fetum við læstu leyfilega flughæð.

Athugið: Þetta er aðeins vegna vindhraðans síðan kemur viðauki vegna hitastigsins.

3. Þegar aðflug er gert í fjöllóttu umhverfi þá athugið eftirfarandi:

- a) Leiðréttið vegna hitastigs, sem venjulega veldur of háum aflestri hæðarmælis.
- b) Leiðréttið vegna vindhraðans í flughæð.
- c) Hafið hugfast, að QNH gildið getur valdið of háum aflestri á hæðarmæli, þótt QNH-gildið sé rétt lesið á jörðu niðri.

Önnur atriði.

Þegar aðflug er gert yfir eða í fjöllóttu landslagi skal ávalt hafa í huga, að fjaillabylgjur, niðurstreymi, uppstreymi og kvika eru til fyrir bæri þar. Einnig eru hvirfilský eða hvirflar án skýja hættulegir í aðflugi. Hvирflar með láréttan öxul myndast stundum samfara fjallabylgjum. Ský þessi eru kölluð rotor clouds eða roll clouds á ensku. Þegar vindhraðinn við fjallatoppana hefur náð 20-25 hnútum má búast við fjallabylgjum. Til þess að svo verði, verður annað að koma til sem sé hitahvörf (temperature inversion) rétt ofan við fjallatoppana.

Hitahvörfin hleypa ekki orkunni í vindstraumnnum upp á við upp í loft-hjúpinn, heldur beina henni áfram og niður á við. Þetta myndar fjallabylgjur og hvirfilský, sem geta verið stórhættuleg sérstaklega í aðflugi. Ef vindhraðinn við fjallatoppana er 40-50 hnútar verða fjallabylgjurnar og hvirfilskýin undantekningarálaust stórhættuleg.

Fyrir aðflug að Akureyrarflugvelli t.d. ætti flugstjóri ávallt að hafa kynnt sér ríkjandi vindátt og vindhraða á flugleiðinni, ásamt hitafari lofthjúpsins allt upp í 10.000 feta hæð a.m.k.

Séu engin hitahvörf þarna myndast ekki fjallabylgjur.

